


Rúnar Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ormsvelli 1  
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. febrúar 2012  
Tilvísun: UST20120100149/ksj

**Matslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar á Hellu, Rangárþingi ytra.  
Matslýsing vegna þriggja nýrra deiliskipulagstillagna er varða athafna- og  
þjónustusvæði á Hellu**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um matslýsingu vegna skipulagsbreytinga á Hellu í Rangárþingi ytra

Meginmarkmið sveitastjórmrar með breyttu aðalskipulagi og nýjum deiliskipulagstillögum er að auka öryggi íbúa og vegfarenda á Hellu, festa lóðamörk og núverandi byggingar og stöðu þeirra í skipulagi, fjölda lausum lóðum fyrir athfnastarfsemi og auka fjölbreytni í lóðaframboði á Hellu.

**Tillaga að breyttu aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 – 2022**

Rangárþing ytra vinnur að gerð tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010–2022 á Hellu. Tillaga að breyttu aðalskipulagi Rangárþings ytra tekur til gatnakerfis innan Hellu, og breyttrar landnotkunar á iðnaðarsvæðinu 12 a, austan við sláтурhús Reykjagarðs. Breytingarnar sem tillaga er gerð um eru: breytt lega vestasta hluta Dynskála, tillaga að nýjum tengingum til suðurs af Suðurlandsvegi, breytt skilgreining tengivega Hellu og breyting á iðnaðarsvæði austast á Hellu.

**Deiliskipulagstillögur fyrir þrjú svæði á Hellu**

Að auki vinnur Rangárþing ytra að gerð deiliskipulagstillagna á svæðum innan Hellu. Unnið er að gerð tillögu að deiliskipulagi fyrir athafna- og iðnaðarsvæði við Dynskála. Einnig er unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir iðnaðar-, verslunar- og þjónustusvæði og blandað verslunar – og athfnasvæði á Rangárþökkum og Rangárflötum sem eru sunnan Suðurlandsvegar. Að lokum er unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir miðbæinn á Hellu sem er skilgreindur sem miðsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

**Helstu umhverfisviðmið**

Í kafla um umhverfisáhrif í greinargerð með matslýsingunni kemur fram listi yfir helstu


umhverfisviðmið. Umhverfisstofnun vekur athygli á að gefin hefur verið út ný byggingarreglugerð nr. 112/2012.

### Niðurstaða

Ofangreind tillaga til breytingar á aðalskipulagi Rangárþingi ytra 2010-2022 felur í sér breytingar á innra götukerfi á Hellu og á athafna- og þjónustusvæðum bæjarins. Á skipulagstillögusvæðinu er ekki að finna náttúruminjar á náttúruminjaskrá eða vistgerðir eða jarðmyndanir er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við lýsingu að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við lýsingu vegna þriggja nýrra deiliskipulagstillagna á Hellu.

Virðingarfyllst

  
Adalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun